



Málefñasamningur

L-listans,
Framsóknarflokks
og Samfylkingar

2018-2022

Lögð verður áhersla á félagslegt réttlæti og að allir njóti mannréttinda.

Fræðslumál í forgrunni

Farið verður í að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla með fjölbreyttum leiðum og þrýsta á ríkið að lengja fæðingarorlofið í 12 mánuði. Að auki viljum við leggja áherslu á bætt starfsumhverfi og líðan nemenda og starfsfólks í leik- og grunnskólum. Við stefnum á að skólabærinn Akureyri verði með framúrskarandi menntastofnanir sem aðrir horfa til. Við viljum gefa skólastjórnendum aukin tækifæri til faglegrar forystu og tryggja fjárveitingu til grunnskóla til lengri tíma í senn.

Við ætlum að efla ráðgjöf og stoðþjónustu og færa hana í meira mæli inn í leik- og grunnskóla í þeim tilgangi að styrkja skólastarf og bregðast fyrir við ef börn lenda í tilfinningalegum eða geðrænum vanda. Við ætlum að stytta tíma frá ósk um aðstoð til aðgerða. Við viljum nútímavæða starfshætti enn frekar og efla skólastarfið með þarfir nemenda að leiðarljósi.

Frístundabær í fremstu röð

Áfram verður megináhersla lögð á fjölbreytt frístundastarf á Akureyri með áherslu á öflug íþróttafélög og lýðheilsu almennings. Við stefnum á að hækka frístundastyrkinn í a.m.k. 50.000 krónur á kjörtímabilinu, fylgja eftir nýsamþykktri íþróttastefnu bæjarins og móta uppbyggingarstefnu í samræmi við hana. Við ætlum að fara í tilraunaverkefni um samfelldan vinnudag yngri grunnskólabarna í samstarfi við frístund með tengingu við íþrótt- og tómstundastarf.

Öflugt atvinnulíf

Við viljum að Akureyri sé ákjósanlegur valkostur fyrir fyrirtæki og fjölskyldur og bjóði upp á fjölbreytt atvinnutækifæri. Lögð verður áhersla á uppbyggingu Akureyrarflugvallar og að koma á beinu millilandaflugi. Við munum beita þrýstingi á stjórnvöld til að tryggja raforkuflutninga inn á Eyjafjarðarsvæðið. Áfram verður stutt við verkefni um brothættar byggðir og með því leitað leiða til að styrkja búsetu í Hrísey og Grímsey.

Þjónusta við aldraða

Áhersla verður lögð á að tryggja rekstur Öldrunarheimila Akureyrar og að auka sveigjanleika í þjónustu við eldri borgara. Unnið verður að því að auka samþættingu og samstarf stofnana Akureyrarbæjar við HSN, SAK og aðra aðila sem sinna öldrunarþjónustu. Unnin verður viðhalds- og endurbótaáætlun fyrir Öldrunarheimili Akureyrar og henni hrundið í framkvæmd.

Húsnæði

Við ætlum að stuðla að fjölbreyttu framboði íbúðarhúsnæðis hvort heldur sem er félagslegt leiguhúsnæði eða húsnæði á almennum markaði. Við viljum stuðla að aukinni fjölbreytni í búsetukostum og nægu framboði húsnæðis fyrir námsmenn og þá sem eru að stíga sín fyrstu skref á húsnæðismarkaðnum. Einnig viljum við tryggja fötluðum fjölbreytt búsetuúrræði.

AT
JPLK
GSR

Fatlað fólk

Við munum leggja áherslu á að vinna eftir samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Við viljum efla skammtíma- og skólavistun fyrir börn með fötlun allt árið og bæta ferliþjónustu. Við munum stuðla að fjölbreyttari leiðum í atvinnumálum.

Forvarnir

Við ætlum að efla forvarnir og fræðslu og styðja enn frekar við starfsemi Rósenborgar í málefnum ungmenna. Sérstök áhersla verður lögð á leiðir sem geta bætt líðan barna og ungmenna ekki síst með snemmtækri íhlutun og aðgengi barna og ungmenna að stoðþjónustu innan veggja leik- og grunnskóla. Við viljum að sett verði á fót áfangahæmili fyrir fólk sem er að koma úr áfengis- og fíkniefnameðferð. Unnið verður að því að tryggja að á Akureyri séu í boði skilvirk meðferðarúrræði og þjónusta vegna fíknivanda, ofbeldis og geðsjúkdóma.

Kraftmikið menningarlíf

Áhersla verður lögð á áframhaldandi eflingu menningarlífs Akureyrarbæjar. Við viljum hækka framlag Akureyrarbæjar í menningarsjóð til úthlutunar til listamanna. Við viljum vinna að því að menningarstofnanir bæjarins komi með virkari hætti að starfi frístundar í grunnskólunum (því augnamiði að virkja ungmenni til sköpunar. Lögð verður áhersla á að fjölga skapandi sumarstörfum og halda árlega barnamenningarhátíð á Akureyri.

Leiðandi í umhverfismálum

Við leggjum áherslu á að Akureyri verði áfram leiðandi í umhverfismálum. Við viljum efla umhverfisvitund bæjarbúa, stofnana og fyrirtækja og leggja áherslu á sjálfbæra þróun, minni plastnotkun, orkuskipti og vistvæna samgöngumáta. Við viljum styrkja starfsemi Vistorku, hafa mælanleg markmið í umhverfismálum og árangurstölur aðgengilegar. Við viljum draga úr svífryksmengun með markvissum aðgerðum og halda áfram að þróa sorphirðukerfi bæjarins. Við viljum koma fráveitumálum sveitarfélagsins í lag. Haldið verður áfram að bæta og þróa leiðarkerfið Strætó.

Lifandi skipulag

Við viljum að skipulag bæjarins marki framtíðarsýn og taki breytingum í takt við uppbyggingu atvinnulífs og þróun og aldursamsetningu íbúa. Við leggjum áherslu á að uppbygging vistvæns miðbæjar taki mið af öryggi vegfarenda, skilvirkum umferðarflæði, rými til uppbyggingar og fjárhagslegri skynsemi. Við viljum halda áfram að þétta byggð í bland við græn svæði og í sátt við íbúa. Gerð verði þarfagreining varðandi aðstöðu fyrir almenningsamgöngur. Við viljum efla íbúalýðræði og þátttöku íbúa við mótun og gerð skipulags.

Ábyrg fjármál, stjórnun og rekstur

Við leggjum áherslu á ógöða fjármálastjórn og unnið verður áfram að bættri, faglegri og gegnsærri stjórnsýslu. Við munum halda áfram að þróa kynjaða fjárhagsáætlun og leggja áherslu á vandaðar og raunhæfar kostnaðaráætlanir sem kynntar verða bæjarbúum. Farið verður í tilraunaverkefni um styttingu vinnuvikunnar. Við munum berjast fyrir réttlátari skiptingu tekjustofna ríkis- og sveitarfélaga. Við viljum bæta enn frekar þjónustu við bæjarbúa, ekki síst með rafrænum hætti, þar sem áhersla er lögð á jákvætt viðmót og lausnamiðaða þjónustu.

Við munum halda áfram að virkja íbúa til lýðræðislegrar þátttöku og auka vægi íbúasamráðs.

Akureyri 12.júní 2018

fh. L-listans



Halla Björk Reynisdóttir



Andri Teitsson

fh. Framsóknarflokks




Guðmundur Baldvin Guðmundsson



Ingibjörg Isaksen

fh. Samfylkingar



Hilda Jana Gísladóttir



Dagbjört Pálsdóttir